

REGLUR

Tónheilsusjóðs STEFs

1. STEF starfrækir sjóð er nefnist Tónheilsusjóður STEFs.
2. Markmið Tónheilsusjóðs er að auðvelda aðgengi að tónlist í heilsueflandi skyni.
3. Markmiði sjóðsins skal náð á þann hátt að sjóðurinn styrkir tónlistarfólk og/eða stofnanir og samtök til að flytja tónlist eða vinna með tónlist á annan hátt í heilsueflandi skyni. Slíkt getur t.a.m. verið á hjúkrunarheimilum, fangelsum, sjúkrahúsum eða sambýlum eða á öðrum stöðum þar sem aðilar sem koma að lýðheilsuverkefnum halda viðburði eða samkomur. Þá getur sjóðurinn styrkt rannsóknarverkefni er snúa að þessum málaflokki. Jafnt tónlistarfólk sem og stofnanir eða samtök geta sótt um styrki til sjóðsins.
4. Tekjur sjóðsins eru stofnframlag hjónanna Andrésar Arnalds og Guðrúnar Pálmadóttur auk ávaxta stofnframlagsins.
5. STEF annast umsýslu sjóðsins, heldur bókhald yfir tekjur hans og gjöld, greiðir út styrki og laun til stjórnar sjóðsins og heldur fjármunum hans aðskildum á reikningi STEFs, auglýsir eftir styrkumsóknum og er stjórn sjóðsins til aðstoðar. STEF tekur ekki þóknun fyrir þessa umsýslu.
6. Stjórn Tónheilsusjóðs STEFs er skipuð þremur einstaklingum og skal fjölskylda hjónanna Andrésar Arnalds og Guðrúnar Pálmadóttur tilnefna í stjórn sjóðsins. Skal einn stjórnarmanna koma úr fjölskyldunni og tveir vera tónhöfundar. Ekki eru skipaðir sérstakir varamenn en hægt er að kalla þá til ad hoc ef þörf krefur.
7. Fjölskylda hjónanna skal enn fremur tilnefna einn tiltekinn einstakling á hverjum tíma sem skal vera megin tengiliður fjölskyldunnar við STEF.
8. Stjórnarmenn skulu skipaðir til þriggja ára í senn.
9. Sjóðsstjórn úthlutar styrkjum úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári, að vori.
10. Skulu styrkir að jafnaði veittir á grundvelli umsókna, þar sem fram skal koma tilgangur styrkumsóknar og kostnaðar- og tímaáætlun vegna þess verkefnis sem um er að ræða. Hægt er að sækja um einstök verkefni svo og verkefni sem ná yfir lengri tíma, allt að tveimur árum.
11. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl ár hvert. Umsóknarfrestur þessi skal auglýstur á heimasíðu STEFs svo og á annan þann hátt sem STEF telur að nái eyrum meðlima samtakanna og tónlistarfólks. Miðað skal við að úthlutun eigi sér ekki stað síðar en mánuði eftir að umsóknarfresti lýkur.
12. Framkvæmdastjóri STEFs eða annar starfsmaður STEFs boðar til stjórnarfunda með hæfilegum fyrirvara. Hver og einn stjórnarmaður getur einnig farið sérstaklega fram á boðað verði til fundar. Stjórnin er ákvörðunarbær ef tveir stjórnarmenn eru mættir til fundar. Ræður afl atkvæða

úrslitum í stjórninni en ef einungis tveir stjórnarmenn mæta til fundar og upp kemur ágreiningur um afgreiðslu mála, skal því frestað til næsta fundar stjórnar til afgreiðslu og þurfa þá allir þrír stjórnarmennirnir að mæta á þann fund til að hægt sé að afgreiða málið.

13. Fundargerð skal halda um það sem fram fer á stjórnarfundum.
14. Umsókn um styrkveitingu verður aðeins tekin til afgreiðslu hafi skrifleg umsókn borist STEFi innan auglýsts umsóknarfrests á til þess gerðum eyðublöðum.
15. Styrkir skulu veittir á faglegum forsendum.
16. Við styrkveitingar skal hafa hliðsjón af því hvort viðkomandi umsækjandi hafi nýlega fengið styrki úr sjóðnum (almennt er miðað við síðastliðin tvö almanaksár).
17. Ekki eru veittir styrkir fyrir verkefnum sem þegar er lokið.
18. Styrkir skulu bundnir þeirri forsendu að verkefnið og framvinda þess sé í samræmi við lýsingu og áætlanir í umsókn. Skal styrkþegi tilkynna um framgang verkefnisins svo og um fyrirhugaðar breytingar eða niðurfellingu verkefnis. Sé verkefnið fellt niður skal styrkþegi endurgreiða útgreiddan styrk.
19. Stjórn sjóðsins getur ákveðið að skipta greiðslum styrkja þannig að þær séu bundnar framvindu verkefnisins, sé verkefnið til lengri tíma eða styrkfjárhæð veruleg að mati stjórnar sjóðsins.
20. Fram skal koma, eftir því sem því verður við komið s.s. í auglýsingum viðburða, að verkefnið sé styrkt af Tónheilsusjóði STEFs.
21. Styrkþegar fá staðfestingu á úthlutun í tölvupósti og er styrkurinn greiddur inn á þann reikning sem þeir vísa til, séu upplýsingar um bankareikning ekki þegar skráðar hjá STEFi.

Þannig samþykkt á stofnfundi sjóðsins

Reykjavík 5. janúar 2026